

Samfélagssjóður Fljótsdals

Ársreikningur 2023

Samfélagssjóður Fljótsdals
Végarði
701 Fljótsdalshreppur
Kt. 560420-0720

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Samfélagssjóður Fljótsdals stundar ekki atvinnurekstur. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal á Héraði, nánar tiltekið á því landsvæði sem er innan núverandi sveitarfélagamarka Fljótsdalshrepps.

Tap var á rekstri sjóðsins á árinu 2023 sem nam 8,4 millj. kr. Eigið fé sjóðsins nam 21,4 millj. kr. að meðtöldu stofnfé sem nemur alls 70,0 millj. kr. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn sjóðsins samþykkti í upphafi árs 2023 að vinna skuli að því að leggja niður sjóðinn. Stjórn hefur verið í framhaldinu verið að skoða með hvaða hætti eða hvort það skuli gert. Ástæða umræðu um niðurlagningu sjóðsins er sú að í samþykktum sjóðsins kemur fram:

Heildarfjárhæð styrkja hvers árs skal vera sem jöfnust og skulu styrkir hvers árs ekki vera hærri en sem nemur 25% af höfuðstól sjóðsins eins og hann stóð í lok síðasta árs fyrir úthlutunarár.

Ljóst er að ef á að framfylgja þessu ákvæði áfram þá mun kostaður við umsýslu sjóðsins verða of mikill í hlutfalli við það sem úthlutað yrði úr sjóðnum hverju sinni.

Við nánari skoðun er einnig verið að athuga að breyta samþykktum og halda sjóðnum áfram.

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals hefur í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Fljótsdalur, / 2024

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Samfélagssjóðs Fljótsdals

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samfélagssjóðs Fljótsdals („sjóðurinn“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstaðir, / 2024

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir		7.435.000	12.050.000
Úthlutaðir styrkir felldir niður	(400.000)	(2.973.959)
Laun og launatengd gjöld	4	1.001.101	787.868
Annar rekstrarkostnaður		2.144.737	274.150
		<u>10.180.838</u>	<u>10.138.059</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(10.180.838)	(10.138.059)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		140.931	261.009
Gangvirðisbreyting eignarluta		1.685.456	(2.795.641)
		<u>1.826.127</u>	<u>(2.534.632)</u>
Tap ársins	6	<u>(8.354.711)</u>	<u>(12.672.691)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Aðrar skammtímakröfur		78.169	107.592
Verðbréfaeign		26.889.815	27.204.359
Handbært fé	3	1.304.441	7.336.173
Veltufjármunir		<u>28.272.425</u>	<u>34.648.124</u>
Eignir samtals		<u>28.272.425</u>	<u>34.648.124</u>
Eigið fé			
Stofnfé	5	70.000.000	70.000.000
Ójafnað eigið fé		(48.581.587)	(40.226.876)
Eigið fé	6	<u>21.418.413</u>	<u>29.773.124</u>
Viðskiptaskuldir		6.854.012	4.875.000
Skammtímaskuldir		<u>6.854.012</u>	<u>4.875.000</u>
Skuldir samtals		<u>6.854.012</u>	<u>4.875.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>28.272.425</u>	<u>34.648.124</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	6 (8.354.711)	(12.672.691)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Veltufé til rekstrar	(8.354.711)	(12.672.691)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaþrófur, lækkun		29.423	178.388
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		1.979.012	(5.537.000)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		2.008.435	(5.358.612)
Handbært fé til rekstrar	(6.346.276)	(18.031.303)
Fjárfestingarhreyfingar			
Verðbréfaeign, breyting		314.544	2.795.641
Fjárfestingarhreyfingar		314.544	2.795.641
Lækkun á handbæru fé	(6.031.732)	(15.235.662)
Handbært fé í ársbyrjun		7.336.173	22.571.835
Handbært fé í árslok		1.304.441	7.336.173

Skýringar

1. Sjóðurinn

Samfélagssjóður Fljótsdals stundar ekki atvinnurekstur. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal á Hérað.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	780.860	580.624
Mótframlag í lífeyrissjóð	89.799	66.772
Önnur launatengd gjöld	60.506	47.592
Annar starfsmannakostnaður	69.936	92.880
Laun og launatengd gjöld samtals	1.001.101	787.868

5. Stofnfé

Heildarstofnfé samkvæmt samþykktum sjóðsins er 70,0 millj. kr.

6. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	70.000.000	(27.554.185)	42.445.815
Tap ársins		(12.672.691)	(12.672.691)
Eigið fé 31.12.2022.....	70.000.000	(40.226.876)	29.773.124
Tap ársins		(8.354.711)	(8.354.711)
Eigið fé 31.12.2023.....	70.000.000	(48.581.587)	21.418.413

Sundurliðanir

	2023	2022
Úthlutaðir styrkir		
Úthlutaðir styrkir	7.435.000	12.050.000
Úthlutaðir styrkir felldir niður	(400.000)	(2.973.959)
	<u>7.035.000</u>	<u>9.076.041</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Aðkeypt þjónusta	1.819.012	0
Bókhald og reikningsskil	325.725	274.150
	<u>2.144.737</u>	<u>274.150</u>

Undirritunarsíða

Lárus Heiðarsson

Jóhann Frímann Þórhallsson

Þórhallur Jóhannsson

Arna Björg Bjarnadóttir

Signý Ormarsdóttir